

Fundargerð

261. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 17. maí 2024, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Orri V. Hlöðversson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Þriggja mánaða uppgjör - 2405008

Samstæðuárshlutareikningur SHS fyrir tímabilið janúar - mars 2024 lagður fram til samþykktar.

Niðurstaða

Árshlutareikningur janúar - mars 2024 samþykktur.

Fylgiskjöl

SHS 261 1.1 Samstæðuárshlutareikningur 31.3.2024.pdf

2. Brunavarnaáætlun, framvinda og árangur - 2303013

Farið yfir framvindu og árangur núgildandi brunavarnaáætlunar.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 261 2.1 Brunavarnaáætlun SHS, framvinda og árangur.pdf

3. Ný brunavarnaáætlun - 2405006

Staða vinnu við nýja brunavarnaáætlun kynnt.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 261 3.1 Ný brunavarnaáætlun SHS, framvinda.pdf

4. Framtíðaruppbygging SHS - stöðvar og mönnun - 2405010

Farið yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða uppbyggingu stöðva sbr. samþykktar tillögur starfshóps um húsnæðismál SHS til framtíðar.

Niðurstaða

Stjórn felur slökkviliðsstjóra að kalla saman starfshóp fjármálastjóra aðildarsveitarfélaganna og SHS um fjármögnun væntanlegra fjárfestinga.

5. Húsnæðismál í Skógarhlíð - 2304004

Farið yfir stöðu mála varðandi húsnæðið í Skógarhlíð m.t.t. hreinsunar á raka- og mygluskemmdum.

Niðurstaða

Kynning.

6. Tillögur um meginforsendur fimm ára áætlunar - 2405009

Meginforsendur fjárhagsáætlunar 2025 og fimm ára áætlunar 2025-2029 lagðar fram.

Niðurstaða

Frestað.

Fylgiskjöl

SHS 261 5.1 Forsendur fjárhagsáætlunar 2025-2029.pdf

7. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar - 2402017

Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar SHS 2024.

Niðurstaða

Aðalfundur SHS verður haldinn í haust, slökkviliðsstjóri mun leggja fram nánari dagsetningu á næsta fundi.

8. Önnur mál 2024 - 2401014

8.1 Dagsetning júnifundar ákveðin.

8.2 Sala eldri körfubifreiða.

Niðurstaða

8.1 Dagsetning júnifundar ákveðin föstudaginn 14. júní kl. 8.00.

8.2 Sala eldri körfubifreiða. Samþykkt að önnur slökkvilið í landinu fái forkaupsrétt að bifreiðunum.

Fundi slitið kl. 09:00.

Einar Þorsteinsson

Almar Guðmundsson

Orri V. Hlökkversson

Þór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

